

Fundargerð
2. fundur stjórnar
Starfsárið 2018-2019
20. apríl 2018

Mætt: Rúnar Þórir Ingólfsson (gjaldkeri), María Helga Guðmundsdóttir (formaður), Sigurður Júlíus Guðmundsson (varaformaður), Marion Lerner (meðstjórnandi), Sólveig Rós (fræðslustýra) og Þorbjörg Þorvaldsdóttir (ritari), Brynjar H. Benediktsson (áheyrnarfulltrúi).

Fundur settur: 15:43

1. Fundargerð 1. fundar samþykkt
Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

2. Afmælisdagurinn 9. maí 2018

María fór yfir stöðuna og dagskrána. Boðið verður haldið á Suðurgötu.

Lagt til að senda kort á félagsmenn um afmælið og jafnframt benda fólki á að taka daginn frá 23. júní fyrir afmælishátíðina. Marion lagði til að við auglýstum 23. júní á Facebook viðburðinum fyrir 9. maí.

3. 1. maí – þátttaka í baráttugöngu

Samtökin 78 hafa tekið þátt undanfarin ár. Fyrsta opinbera kröfugangan sem S78 tóku þátt í 1982. María Helgu þykir mjög mikilvægt að S78 taki þátt, enda skiptir öruggt vinnuumhverfi og réttindi á vinnumarkaði miklu máli. Sólveig Rós hefur verið í samskiptum við ASÍ í tengslum við fræðslu og nefndi að verkalýðsfélögin vilja meiri samskipti og samstarf við Samtökin. María Helga nefnir að við höfum fengið fyrirspurnir um það hvort við eigum að ganga með róttækum hópum sem ganga saman (Andrými). Telur eðlilegt að við gögnum með Trans Ísland þar sem barátta fyrir réttindum trans fólks á vinnumarkaði hefur setið á hakanum miðað við t.d. heilbrigðiskerfið.

Sólveig Rós tekur til máls og nefnir að gott gæti verið að vita hvað mun standa á skiltum hjá róttækum hópum, ekki allt sem gengur fyrir allt okkar félagsfólk. Sigurður Júlíus vill að við pössum upp á að vera fyrir alla. Marion nefnir að okkar félagsfólk hefur ýmsar pólitískar skoðanir. Þorbjörg tekur undir það, vill að Samtökin 78 taki þátt í hinni „almennu“ göngu.

Unnsteinn (alþjóðafulltrúi) kemur 16:10

Niðurstaða umræðunnar er sú að við viljum að hópur Samtakanna í göngunni verði öðrum óháður. Göngum á okkar forsendum. María Helga ætlar að sjá um þetta og búa til viðburð. Byrjum á Suðurgötu, gerum skilti o.s.frv. Förum svo á Suðurgötuna eftir gönguna og fáum okkur kaffi.

4. IDAHOBIT 17. maí – Ég er ég myndbönd

Alþjóðlegur dagur gegn hinseginfóbíu.

Unnsteinn er í sambandi við Velferðarráðuneytið, lætur okkur vita seinna.

Hætta þurfti að birta „Ég er ég“ myndböndin á sínum tíma, en síðasta stjórn lagði til að sýna þessi myndbönd í aðdraganda IDAHOBIT í ár. Tímasetja birtingu á Facebook og skrifa góðan texta með hverju

myndbandi. María Helga leggur til að það verði síðan gerður sérstakur playlisti á YouTube með þessum myndböndum. Samstaða um þetta.

5. Skýrsla fræðslustýru

Sólveig Rós fræðslustýra fór yfir hvernig hennar starfi hefur verið háttað sl. 1,5 ár. Sagði m.a. frá rannsókn á vegum GLSEN á skólaumhverfi hinsegin ungmenna sem hún þýddi og staðfærði fyrir Ísland. Flókið að halda í jafningjafræðara. Fræðarar fá núna 2000 kr. í þóknun. Nefndi að gott væri að hafa „jafningjafræðara“ í fullu starfi sem gæti líka tekið við bókunum. Vill stefna á að gera þetta faglegra. María Helga nefnir möguleikann á því að hafa jafningjafræðara-elementið í félagsmiðstöðvunum en að þegar komið sé í skólastofuna sé fræðslan faglegr. Sólveig Rós nefnir að gott væri að geta lækkað verðið á jafningjafræðslu til þess að gera hana aðgengilegri t.d. fyrir smærri félagsamtök. Fleiri sveitarfélög en Hafnarfjörður og Reykjavík eru mjög jákvæð gagnvart því að fá fræðslu. Sólveig Rós ítrekar að með auknu fjármagni, m.a. frá ríkinu, verðum við að láta gæðin fylgja. María Helga spyr hvað Sólveig Rós þurfi til þess að geta sinnt þessu öllu. Hún er tilbúin að fara í hærra starfshlutfall. Samningurinn við Velferðarráðuneytið er mjög viðamikill og hún segist ekki geta annað þessu ein í núverandi starfshlutfalli.

Stjórn ræddi vinnuáðstöðu og húsgögn fyrir Suðurgötuna með það fyrir augum að bæta vinnuumhverfi. Einnig nefnt að leigja vinnuáðstöðu á öðrum stað.

Talað um að gott væri að ná tengslum við kennara.

Sólveig Rós vill fá utanaðkomandi ráðgjöf, t.d. verkefnastjóra eða einhvern fagaðila, til þess að koma okkur af stað. Marion nefnir að gott væri að tala við önnur félög sem hafa fengið slíka aðstoð upp á ábendingar um gott fólk.

Brynjar vikur af fundi 17:08

6. Hann – sýning á stuttmynd Rúnars Þór Sigurbjörnssonar

Sigurður Júlíus sagði stjórn frá því hvernig skipulagið er. Myndin verður frumsýnd í samstarfi við Samtökin 78 í Bíó Paradís 18. maí kl. 18 í sal 1.

Stefnt að forsýningu myndarinnar fyrir ungliða. Það verður frítt inn í Bíó Paradís, en tekið verður við frjálsum framlögum til ungliðastarfsins. Eftirpartí fyrirhugað á Kiki. Stjórn hefur miklar áhyggjur af aðgengisleysi fyrir hreyfihamlaða á Kiki. Sigurður Júlíus ætlar að ræða þetta við framleiðendur myndarinnar og þrýsta á að breytt verði um stað.

Sólveig Rós vikur af fundi 17:20

Sigurður leggur til að S78 greiði 30 þús + vsk. til þess að frumsýna myndina og ber þennan kostnað undir stjórn. Samþykkt með þeim fyrirvara að aðgengi sé tryggt fyrir hreyfihamlaða.

7. Boðun félagsfundar að vori

Lagt til að halda félagsfund fimmtudagskvöldið 3. maí.

Dagskrá:

Stutt kynning á stöðu fjármála

Stutt kynning um viðburði næstu mánaða

Mál sem félagsfólk vill bera upp

Marion leggur til að við höfum þetta létt og skemmtileg og fögnum stöðu mála hjá okkur. Unnsteinn

leggur til að við bjóðum fólki að koma með á grillið. Ef veðrið bregst: Pálínuboð. Samstaða um þessar hugmyndir.

8. Ný fjárhagsáætlun

Stjórn skoðaði drög að fjárhagsáætlun. María Helga las minnisblað frá Daníel um sjóðstreymi miðað við þrjár forsendur sem gerðu ráð fyrir mismunandi breytum.

Launaumræður. Fært í trúnaðarbók.

9. Starfsmannastefna til framtíðar

María Helga las minnisblað frá Daníel framkvæmdastjóra, þar sem fram kom tillaga framkvæmdastjóra um að honum og formanni yrði falið að vinna starfsmannastefnu félagsins til næstu fimm ára.

María Helga leggur til að fyrir næsta fund stjórnar og trúnaðarráðs verði tillaga þeirra að starfsmannastefnu lögð fyrir trúnaðarráð. Óskar eftir því þessi vinna verði opin innan stjórnar og að mun gera vinnuskjal aðgengilegt stjórn.

10. Önnur mál

Fundi slitið: 18:20